

**Samantekt: Hvað í fari leiðtogans er æskilegt fyrir stjórnendur að sækjast eftir**

**Nemandi: María Grétarsdóttir**

**Sérsvið: Viðskipta- og hagfræðideild. MSc Stjórnun og stefnumótun**

**Dagsetning: Júní 2007**

Tilgangur rannsóknarinnar er að skoða hvað í fari leiðtogans æskilegt sé fyrir stjórnendur að sækjast eftir.

Rannsóknin fór fram með tíu viðtölum. Tekin voru opin viðtöl við stjórnendur. Um var að ræða stjórnendur í viðskiptalífínu, íþróttum, söfnuði, fjölmiðlum, skólastarfi, stjórnámálum, listum og í frumkvöðlastarfsemi.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru að viðmælendur gera sér nokkuð vel grein fyrir hvaða einkennum leiðtogans æskilegt sé fyrir stjórnendur að sækjast eftir. Í rannsókninni er ekki lagt mat á árangur stjórnenda sem tileinkað hafa sér einkenni leiðtogans heldur einungis skoðað hvort viðmælendurnir tíu, úr hópi stjórnenda í forystuhlutverki, geri sér grein fyrir einkennum leiðtogans og hvort æskilegt sé fyrir stjórnendur að sækjast eftir þeim einkennum.

Flestir viðmælendur nefna mikilvægi þess að stjórnendur tileinki sér þann eiginleika leiðtogans að laða fólk til samstarfs. Önnur mikilvæg atriði sem nefnd voru í tengslum við hvað af einkennum leiðtogans stjórnendur ættu að sækjast eftir – eru að stjórnendur viti hvert halda skuli, sýni dirfsku/áræðni, séu næmir á umhverfi sitt, hvetjandi/uppörvandi, hafi sameiginlega hugsjón og myndi samstöðu með hópnum.